

Pegasus ehf
Sóltúni 24
105 Reykjavík

Reykjavík, 5. ágúst 2020
UST202007-255/F.P.
09.06.01

Efni: Umsókn um kvíkmyndatökuleyfi – Dettifoss

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Pegasus ehf, dagsett 28.7.2020, um kvíkmyndatöku innan Dettifoss 7. eða 8. ágúst 2020. Dagsetningar munu fara eftir veðri.

Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss er friðlýstur sem náttúrvætti sbr. auglýsingur nr. 457/1996. Mannvirkjagerð, jarðrask og breytingar á landi, vatnsborðshæð eða rennsli vatna er háð leyfi Umhverfisstofnunar að fenginni umsögn umsjónarnefndar um málefni náttúrvættisins.

Lýsing verkefnis:

Við Dettifoss er sótt um leyfi til að kvíkmynda manneskju nálægt vatnsfallinu, eins nálægt og öruggt er, með gilið í bakgrunni. Fyrirhugað er að notast við tökvélar á landi en einnig að fljúga kvíkmyndadróna yfir fossinn og gljúfrið. Fimmtí starfsmenn koma að verkefninu. Verkefnið krefst þess að farið verði út fyrir göngustíga. Gert er ráð fyrir að setja þjónustubúðir upp á bílastæðinu og vinna í farartækjum þar. Gert er ráð fyrri 17 farartækjum: (þrír eldhústrukkar, stór skrifstofutrukkur, þrír stórir trukkar með lyftu og tíu smærri bílar og jeppar).

Áhrifamat:

Svæðið sem um ræðir, næst fossinum, einkennist af klöppum sem þola töluverðan ágang og má ætla að sé þess gætt að halda sig frá gróðri þá valdi ágangur næst fossinum ekki auknu á lagi á náttúrufar. Tilgangur kvíkmyndatökunnar er hins vegar ekki ljós. Vafasamt verður að teljast að veita leyfi til kvíkmyndatöku á efni til almennrar kynningar eða sýningar sem sýnir fólk setja sig í hættu og getur þannig orðið öðrum hvatning til að gera slíkt hið sama. Auk þess er þar farið út fyrir gönguleiðir.

Þá er líklegt að þegar 17 ökutæki, stór og smá eru komin á bílastæði við Dettifoss að austan séu innviðir þess allt að því fullnýttir.

Verkefnið ógnar því flestum þeim þáttum sem tilteknir eru í skýrslu Umhverfisstofnunar um svæði í hættu á að tapa verndargildi sínu.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Vatnajökulsþjóðgarðar þann 31. júlí 2020 vegna verkefnisins þar sem samningur er við þjóðgarðinn um umsjón svæðisins. Mat Vatnajökulsþjóðgarðar barst símleiðis þann 4. ágúst 2020. Sérfræðingur þjóðgarðsins sagðist


sammála afstöðu sérfræðings Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit. Kvikmyndaverkefnið er afar umfangsmikið, óljós lýsing er í umsókn á hvernig verkefnið mun fara fram og það getur leitt til mikillar truflunar fyrir aðra gesti svæðisins. Einnig gæti verkefnið hvatt aðra gesti að fara út fyrir merkta stíga. Afstaða Vatnajökulsþjóðgarðs er að ekki eigi að veita leyfi fyrir verkefninu.

Niðurstaða:

Dettifoss (að austanverðu) er á rauðum lista Umhverfisstofnunar yfir áfangastaði í hættu. Það er mat sérfræðings Umhverfisstofnunar í Mývatnssveit að ekki sé hægt að veita leyfi fyrir verkefninu við Dettifoss eins og það er sett upp enda striðir það gegn þeim áherslum sem settar eru í skýrslu Umhverfisstofnunar um svæði í hættu á að tapa verndargildi sínu. Líklegt verður að teljast að það efni sem unnið yrði við Dettifoss yrði öðrum gestum hvatning til að fara úr fyrir göngustíga og fram á ystu brún Jökulsárgljúfra og setja sig þannig í hættu.

Ákvörðunin er kæranleg til umhverfis og auðlindaráðuneytisins skv. 26. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 2. mgr. 91. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 innan þriggja mánaða frá dagsetningu þessa bréfs.

Virðingarfyllst



Sigrún Ágústsdóttir
forstjóri



Freyja Pétursdóttir
Freyja Pétursdóttir
sérfræðingur